LÖG

um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (framlenging búvörusamninga).

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI
Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993.

1. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: 2027.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2027“ í 1. málsl. 6. mgr. 38. gr. laganna kemur: 1. janúar 2028.

3. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í 1. málsl. 1. mgr. 41. gr. laganna kemur: 2027.

4. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í fyrirsögn IX. kafla laganna kemur: 2027.

5. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: 2027.

6. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í fyrirsögn X. kafla laganna kemur: 2027.

7. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: 2027.

8. gr.

Í stað ártalsins „2026“ í fyrirsögn XI. kafla laganna kemur: 2027.

II. KAFLI

Breyting á búnaðarlögum, nr. 70/1998.

9. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. skal samningur við Bændasamtök Íslands um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra gilda til og með 31. desember 2027.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. nóvember 2026.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Hanna Katrín Friðriksson.

A-deild – Útgáfudagur: 20. nóvember 2026